

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Samherji fiskeldi, Öxarfirði	29. júní 2018	Núpsmýri, Kópaskeri	1
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
610506-1060	01.07.2017, eru með undanþágu til 1.7.2018 Nýtt leyfi er í vinnslu	Já	Landeldi, allt að 1.600 tonn á ári sandhverfu, lúðu, laxi og bleikju

Starfsemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Já, áætluð framleiðsla 2018 er um 1.300t . Verið er að vinna nýtt starfsleyfi en eldra leyfi er fallið úr gildi. Undanþága frá UAR hefur verið veitt til 1.7.2018 en óskað hefur verið eftir framlengingu á meðan starfsleyfið er í vinnslu.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Búið er að bæta við fjórum kerjum og er fiskur kominn í tvö þeirra, það þriðja verður tekið í notkun á næstu dögum. Unnið er að frágangi og plön malbikuð í sumar en frekari framkvæmdir eru svo fyrirhugaðar á næsta ári.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Já, í lagi
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Já
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Já
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og	X			Uppfært áhættumat og viðbragðsáætlun, var afhent í eftirlitinu.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?	X			Næst 2019
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Já
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Er í gæðahandbók í starfsstöð og hefur verið send eftirlitsaðila.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Uppfærð umhverfismarkmið voru afhend í eftirlitinu. Vottun frá Whole Foods.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Sjálfvirk fóðurgjöf
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X	X		N=12,17 kg/framleitt tonn og P=6,8 COD=18 mg/L. Ammoníak var innan greiningarmarka. Svifagnir voru 7 mg/L sem eru yfir mörkum starfsleyfisins (breyting um 2 mg/L). Síðustu mælingar voru gerðar 20 des. 2017.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?				Útrás frá eldi kerunum er leitt í settjörn og þaðan beint út í Brunná. Töluverða lykt mátti finna við settjörnina sem og niður við Brunná en ekki var hægt að segja til um það hvort lyktin bærisk með frárennslinu út í ána eða hvort hún barst með vindi frá tjörnunum. Áin var gruggug og erfitt að sjá hvort að um uppsöfnun væri að ræða. Um 20 fugla var að sjá við útrásaropið

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oph. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.		X		Frárennsli nýju keranna er leitt í gegnum trommlusíu og úrgangurinn frá þeim síðan út í settjörn. Úrgangurinn flaut á yfirborðinu við frárennslisrörið í settjörninni og nær ekki allur að botnfalla. Fyrirhugað er að úrgangurinn frá trommlusíunum fari í gegnum frárennslisrör, út í sjó en reiknað er með að það verði frágengið á næstu mánuðum. Tvær settjarnir eru fyrir frárennslið. Útrás frá fituskilju var í lagi.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerjum, ferskvatn, sjór).				Frárennslið liggur í um 50m röri frá settjörunum yfir í Brunná sem er jökulá.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Já, í lagi
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X	X		Allur dauðfiskur fer til fóðurgerðar í skinnfisk í Sandgerði, um 1-3 tonn á viku. Slóg frá vinnslunni ferð í próteinvinnslu til Artic prótein í Borganesi. Búið er að bæta úr árekstrarvörn við neyslugeyma og steypa undirlag. Þrjár olútunnur stóðu óvarðar og án lekavarna utandyra.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Já, í lagi
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Komið
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?	X			Rekstraraðili tekur sjálfur sýnin og sendir til greiningar hjá Sýni ehf.

Eftirlit með fiskeldisstöð Landeldi

Er það skv. starfsleyfi?				
Hver sér um mælingarnar?				

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Síðast var farið í eftirlit þann 8.11.2017. Þrjú frávik komu fram við eftirlit er varða að settjarnir eru orðnar fullar, að fituskilja virkar ekki nægjanlega vel og að steypubrot hafa ekki verið fjarlægð skv. athugasemd í eftirlitsskýrslu 2016. Ein athugasemd var gerð er varðar að heitt vatn rennur út í opin læk.

Samantekt:

Áfram er sett frávik vegna settjarna sem eru orðnar fullar og þjóna því ekki sínum tilgangi. Einnig er frávik varðandi svifarnir í frárennsli sem voru yfir mörkum og að olíutunnur stóðu óvarðar utandyra en tryggja skal mengunar og árekstrarvarnir við geymslu olíu. Steypubrot hafa verið fjarðlægt frá bökkum Brunnár og svæðið lagfært. Búið er að laga rennsli heits vatns sem gerð var athugasemd við í síðasta eftirliti og setja upp árekstrarvörn við olúgeyma. Ein ábending var sett fram í þessu eftirliti er varðar frágang á geymslusvæði.

Annað

Einnig var farið í stöðina að Sigtúnunum og frárennslið skoðað. Framkvæmdir eru á staðnum og búið er að bæta við þremur nýjum kerjum sem tekin verða í notkun á næstu árum. Bent er á að huga þarf að hreinsun frárennslisins við nýju kerin. Ekki var að sjá neina uppsöfnun í frárennslislæk, lykt eða óvenjulega gróðurmyndun.

Undirskrift eftirlitsmanns:

G. Stella Arnadóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi, Öxarfirði Núpsmýri og Sigtún, klakstöð



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	29.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi, Öxarfirði	Eftirlitsmaður	Steinar Rafn Beck Baldursson
Heimili	Núpsmýri	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Arnar Freyr Jónsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðís Smáradóttir	Staðsetning	609834,024 639750,616

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu er varða að settjarnirnar eru orðnar fullar og þjóna því ekki sínum tilgangi, svifarnir í frárennsli voru yfir mörkum og olútunnur stóðu óvarðar utandyra en tryggja skal mengunar og árekstrarvarnir við geymslu olíu. Steypubrot hafa verið fjarðlægt frá bökkum Brunnár og svæðið lagfært. Búið er að laga rennsli heits vatns sem gerð var athugasemd við í síðasta eftirliti og setja upp árekstrarvörn við olúgeyma. Ein ábending var sett fram í þessu eftirliti er varðar frágang á geymslusvæði

UMFANG EFTIRLITS

Vísað er í meðfylgjandi gátlista um niðurstöður um umfang eftirlitsins.

- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því
- Farið yfir niðurstöður síðasta eftirlits og stöðu frávika
- Niðurstöður mælinga
- Staða framkvæmda
- Áhættumat
- Umhverfismarkmið
- Staða starfsleyfisumsóknar
- Gengið var um stöðina og hún skoðuð, settjarnir og frárennsli frá settjörnum og fituskilju.

Frávík frá

Gr. 2.6 í starfsleyfi

Lýsing á frávíki

Dæla skal úr settjörnum áður en safnrými er fyllt. Sjá má að settjarnir eru orðnar fullar og virkni þeirra því ekki til staðar. Kom þetta frávík einnig fram í síðasta eftirliti. Unnið er að lausn málsins í tengslum við umsókn um nýtt starfsleyfi.

Gr. 2.5 í starfsleyfi

Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis skal ekki vera meiri en 2 mg/L. Niðurstöður mælinga voru yfir þeim mörkum eða um 7 mg/L.

Gr. 4.1 í starfsleyfi

Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunarhópp og draga úr afleiðingum þeirra. Þrjár olútunnur stóð óvarðar utandyra en tryggja skal mengunar- og árekstrarvarnir við geymslu á olíu.

ATHUGASEMDIR

Ein ábending var gerð í eftirlitinu varðandi frágang á geymslusvæði en skv. gr. 2.11 og 4.6 í starfsleyfi skal á öllu athafnarsvæði stöðvarinnar gæða fyllsta hreinlætiso og skal halda svæðinu snyrtilegu. Töluvert af gömlu dóti hefur safnast upp við stöðina og þarf að huga að snyrtimensku við svæðið.

ANNAÐ

Einnig var farið í stöðina að Sigtúnum og frárennsli hennar skoðað. Þar tók á móti okkur Árni Ingólfsson.

Starfsleyfið fyrir stöðina rann út þann 1. júlí 2017 en unnið er að nýju starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun. Rekstraraðili hefur fengið undanþágu frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til reksturs stöðvarinnar þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út, þó eigi lengur en til 1. febrúar 2019.

Þorkell Björnsson frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra var einnig viðstaddur eftirlitið.

17.07.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir